

Bannað er að leggja bifreiðum í Hafnarstræti milli Mánagötu og Hrannargötu.
Einstefna á Mánagötu breytist þannig að ekið verður frá Hafnarstræti til norðurs að Fjarðarstræti og snýst því akstursstefna við.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, öðlast gildi þann 15. september 1987.

Úr gildi fellur 13. tl. III. kafla auglýsingar um umferð á Ísafirði nr. 189/1993, svo og allar aðrar reglur um umferð á Skutulsfjarðareyri, er kunna að hafa verið settar og brjóta í bága við reglur þessarar auglýsingar.

Lögreglustjórinn á Ísafirði, 20. ágúst 1997.

Ólafur Helgi Kjartansson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 18. ágúst 1997 staðfest aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Reykjavíkur er staðfest var 20. febrúar 1992.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 18. ágúst 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits 4.386.6, Viðarás 1, 3, 5 og 7, Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 11. ágúst 1997, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1996, staðfest breytingu á deiliskipulagi í Suður Selási frá 14. desember 1984 með staðfestri breytingu frá 27. maí 1992.

Með breytingunni er byggingarreitur húseininganna að Viðarási 1, 3, 5 og 7 færður til og jafnframt er lóðin stækkuð inn á borgarland.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 19. ágúst 1997.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.